

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021
2103076/0.4.1/rmj

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (heimabrug), 480.mál

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að bann við framleiðslu áfengis til einkaneyslu með gerjun verði afnumið.

Embætti landlæknis hefur ítrekað undanfarin ár varað við og lagst gegn breytingum á því fyrirkomulagi á sölu áfengis sem er á Íslandi. Takmarkað aðgengi að áfengi, sem meðal annars felur í sér takmarkað aðgengi með einkasölu ríkisins á áfengi, er áhrifarík leið til að draga úr skaðlegum áhrifum vegna notkunar áfengis. Ekki þarf að efast um skaðleg áhrif áfengis á einstaklinga og samfélög en á hverju ári látast rúmlega þrjár milljónir manna í heiminum af áfengistengdum orsökum. Engin þekkt mörk eru um skaðleysi áfengis og því ber að lágmarka eða takmarka aðgengi og notkun áfengis eins og kostur er. Umsögn þessi um ofangreint frumvarp tekur fyrst og fremst mið af Lýðheilsusjónarmiði. Með vísan í fyrri umsagnir og afstöðu er embættið mótfallið þessari tillögu líkt og öðrum tillögum sem eru til þess fallnar að auka aðgengi að áfengi sem mun leiða til aukins skaða.

Verði frumvarpið að lögum mun verða ógerlegt að fylgjast með þróun heildardrykkju áfengi þar sem heimabrug er óskráð notkun og gerir ókleift að fylgjast með heildardrykkju þjóðarinnar en það er eitt af markmiðum Heimsáætlunar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sem nú er til endurskoðunar, að draga úr heildaráfengisnotkun þjóða.

Í greinargerðinni kemur fram að framleiðsla til einkaneyslu tíðkist mjög víða og lengi í samfélaginu og að allnokkur hópur fólks stundi framleiðslu til einkaneyslu án þess að hafa áhyggjur af framfylgd laga kemur fram í könnun frá 2013 að einungis 3,45 af þeim sem höfðu drukkið áfengi á síðastliðnum 12 mánuðum höfðu drukkið heimagerðan bjór.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Rafn Magnús Jónsson verkefnisstjóri
svið lýðheilsu